

14. fundur atvinnumálanefndar Skaftárhrepps, kjörtímabilið 2018 – 2020, haldinn þann 29. september 2019, kl. 21:00, á Kirkjubæjarstofu. Viðstaddir eru undirritaðir fulltrúar nefndarinnar ásamt atvinnufulltrúa Skaftárhrepps. Rannveig Ólafsdóttir boðar forföll, og varamaður hennar Gústaf B. Pálsson kemir í hennar stað.

Dagskrá fundarsins er

1. Fundargerð síðasta fundar 13. Fundur
2. Undirbúningur vegna fundar formanns og atvinnumálafulltrúa með sveitarstjórn þann 29. september
3. Önnur mál

-
1. **Fundargerð síðasta fundar – 13. Fundur Atvinnumálanefndar 29. september 2018**
Nákvæmlega fyrir einu ári síðan – 29. september 2018 - er í fundargerð 13. fundar atvinnumálanefndar, kveðið á um mjög slæma stöðu varðandi húsnæðismál og atvinnutækifæri á svæðinu. Eftirfarandi ályktun var sett fram; „..... vill ítreka við sveitarstjórn og íbúa sveitarfélagsins að ofangreindur húsnæðis- og lóðaskortur sé mál sem verður að leysast sem fyrst, svo að okkar farsæla og blómlega samfélag geti haldið áfram að vaxa og dafna“.

2. **Fjárhagsáætlun**

- a. Margir kostnaðarliðir fjárhagsáætlunar eru skv. núgildandi / þegar gerðum samningum, sem atvinnumálanefnd hefur ekki áhrif á
- b. **Friður og Frumkraftar**
framlag mun detta niður
- c. **Fjárgirðingar og landgræðsla**
Atvinnumálanefnd leggur til að þetta framlag verði notað til þess að auglýsa starf til þess að sinna girðingarmálum afréttar, fyrir þessa áætlunni upphæð sem ekki hefur verið notuð.

Fjárhagsáætlunarfundur með sveitastjórn – 30.09.19: 1.850.000 var sem sé ekki áætlað til afréttagirðinga (og svo ekki notað í raun). Af þessari upphæð voru áætlaðar 1.500.000 til lagfæringar á Dalbæjarrétt eftir Grímsvatnagos, sem líka í raun hefur ekki verið framkvæmt. Það var því ekki raunin að afréttargirðingar almennt myndu standa fyrir þessari upphæð – sem sé einungis 350.000. Umræður spunnust um réttmæti þess að sveitarstjórn myndi úthluta fjármuðum til afréttargirðinga almennt

- d. **Græni bæklingurinn – upplýsingabæklingur Skaftárhrepps**
Atvinnumálanefnd telur að sveitarstjórn haldi áfram útgáfu bæklingins
- e. **Fjallakofar**
Þekkt er ósk „vestur-afréttar“ um byggingu nýs kofa í Leiðólfsfelli.
Atvinnumálanefnd vill bæta við að slíkt gæti líka skapað atvinnutækifæri – útleiga fjallaskála til göngu-afþreyingar – t.d. að stikuð verði gangan

Leiðólfsfell – Hrossatungur – Blágil – Blængur – Miklafell

Við þetta kom upp umræða um brýna þörf á vegabótum á leiðinni Miklafell –

51.

Blængur, sem að flestra áliti varð forsenda fyrir þessari aðgerð – atvinnutækifæri. Formaður áætlað að taka málið einnig upp í svæðisráði VÞJ, og hvort hugsanlegt sé að setja niður teljara þarna – því greinilegt að umferðin þarna um er meiri en séð hefur verið fyrir.

Í framhaldi þessarar umræðu var rætt um úthlutun styrkja frá Styrkvegaskjóði - fjármunum væri varið við færri verkefni hvert ár – svo hægt sé að fara í reglulegar framkvæmdir í þessari vegagerð. Einnig var rætt um hvort hugsanlegt væri framlag sveitarfélags á móti styrkvegaskjóði.

3. Önnur mál

Atvinnulíf í Skaftárhreppi og Húsnæðismál - lemenn umræða, ásamt þætti atvinnumálafulltrúa í aðstoð við íbúa sveitarfélagsins viðöflun upplýsinga um styrkjamguleika og annað.

Fundi slitið kl. 23.30


Sveinn Hreiðar Jensson (sign)



Rúnar Þorri Guðnason (sign)



Guðmundur Vignir Steinsson (sign)



Gústaf B. Pálsson (sign)

Þuríður Helga Benediktsdóttir (sign)

